

Námsstyrkjasjóður Félags löggiltra endurskoðenda.

SKIPULAGSSKRÁ

1. grein

Sjóðurinn heitir Námsstyrkjasjóður Félags löggiltra endurskoðenda. Hann er stofnaður 4. júní 2003 af Félagi löggiltra endurskoðenda (FLE) með framlagi að fjárhæð 20.000.000 kr.

2. grein

Markmið sjóðsins er að styrkja bóklega menntun endurskoðenda á Íslandi með því að veita styrki til einstaklinga sem stunda framhaldsnám í endurskoðun og reikningsskilum eða með því að styrkja stofnanir sem standa fyrir slíku námi.

3. grein

Sjóðurinn skal vera í vörslu FLE og skal eignum hans haldið aðgreindum frá eignum félagsins. Leitast skal við að ávaxta fjármuni sjóðsins með tryggum og hagkvæmum hætti. Endurskoðaður ársreikningur sjóðsins skal birtur með ársreikningi FLE og skal reikningsár sjóðsins fylgja reikningsári FLE.

4. grein

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum. Formaður FLE skal vera formaður sjóðsstjórnar en á hverjum aðalfundi FLE skal kosinn einn stjórnarmaður til tveggja ára. Varaformaður FLE er varamaður í stjórn sjóðsins.

5. grein

Stjórn sjóðsins skal auglýsa eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum. Skal við það miðað að styrkþegar hafi lokið bóklegu námi til löggildingar sem endurskoðendur og ætli sér framhaldsnám á því sviði. Styrkir til stofnana skulu tengjast doktorsnámi. Að öðru leyti skal stjórn sjóðsins taka allar ákvarðanir varðandi styrki og samninga við styrkþega og er henni heimilt að úthluta bæði höfuðstól sjóðsins og ávöxtun hans.

6. grein

Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans renna til FLE.

7. grein

Tillögur um breytingar á skipulagsskrá þessari skulu lagðar fyrir félagsfund FLE.

Þannig samþykkt á félagsfundi FLE
4. júní 2003 og breytt 7. apríl 2010